

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1881  
komudagur 4.5.2010

SFF  
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA  
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík, 3. maí 2010

Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Nefndasvið  
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, og lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum, 530. mál.**

SFF hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og styðja samtökin eindregið lögfestingu frumvarpsins sem er ætlað að bæta úr ágalla á lögum nr. 130/2009, sem tóku gildi í lok árs 2009, þar sem ætlun löggjafans var að heimila tímabundna niðurfellingu stimpilgjalds af skilmálabreytingum allra bílalána frá 1. desember 2009. Síðar kom í ljós að stjórnvöld töldu sér skylt að innheimta stimpilgjald ef endurfjármögnun bílalána sem fór fram með þeim hætti að veðskjöl voru endurútgefin. Verði frumvarpið að lögum verður bætt úr þessu. Eftir stendur að þeir skuldarar sem hafa endurfjármagnað bílalán sín með framangreindum hætti frá 1. desember 2009 til 31. mars 2010 hafa greitt stimpilgjöld og hafa þeir því ekki setið við sama borð og aðrir að þessu leyti. Það kann því að vera réttlætismál fyrir þessa aðila að ákvæðið gildi afturvirktt frá 1. desember 2009.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir, hdl.